

HV 2022-30
ISSN 2298-9137



HAF- OG VATNARANNSÓKNIR

MARINE AND FRESHWATER RESEARCH IN ICELAND

Lax- og silungsveiðin 2021

Guðmunda Þórðardóttir og Guðni Guðbergsson

HAFNARFJÖRÐUR - JÚNÍ 2022

Lax- og silungsveiðin 2021

Guðmunda Þórðardóttir og Guðni Guðbergsson



HAFRANNSÓKNASTOFNUN



FISKISTOFA

Upplýsingablað

Titill: Lax- og silungsveiðin 2021		
Höfundur: Guðmunda Þórðardóttir og Guðni Guðbergsson		
Skýrsla nr: HV 2022-30	Verkefnisstjóri: Guðmunda Þórðardóttir	Verknúmer: 9080
ISSN 2298-9137	Fjöldi síðna: 42	Útgáfudagur: 30. júní 2022
Unnið fyrir: Hafrannsóknastofnun	Dreifing: Opin	Yfirfarið af: Friðbjófur Árnason
Ágrip <p>Heildarfjöldi laxa veidda á stöng árið 2021 var samkvæmt skráðum gögnum sem bárust til Hafrannsóknastofnunar 36.461 laxar og var það 8.663 löxum (19,2%) minni veiði en árið 2020. Af veiddum löxum í stangveiði þá var 19.589 (53,7%) sleppt og heildarfjöldi landaðra laxa (afli) var 16.872 (46,3%). Af stangveiddum löxum voru 28.705 (78,7%) laxar með eins árs sjávardvöl (smálaxar) og 7.756 (21,3%) laxar með tveggja ára sjávardvöl eða lengri (stórlaxar). Alls var þyngd landaðra laxa (afli) í stangveiði 46.832 kg. Veiði í net var 4.574 laxar sumarið 2021 og var heildarafliinn 12.524 kg. Í stangveiði og netaveiði var heildarafli landaðra laxa samanlagt 41.035 laxar og vógu alls 59.356 kg, af þeim voru 19.164 smálaxar og 3.103 stórlaxar. Sumarið 2021 voru skráðir laxar í stangveiði alls 28.697 laxar af villtum (náttúrulegum) uppruna. Þar sem gönguseiðum var sleppt í ár til hafbeitar veiddust 7.764 laxar sem er um 21,3% af heildar stangveiðinni.</p> <p>Alls voru skráðir 43.389 urriðar í stangveiði en hlutfall urriða sem var sleppt var 33,1% sem er hér um bil sama tala og var sleppt árið 2020. Afli urriða var 29.043 fiskar (66,9%) sem vógu samtals 37.654 kg. Alls voru skráðar 30.726 bleikjur í stangveiði árið 2021. Hlutfall bleikju sem var sleppt var 45,2% sem var mun hærra hlutfall en árið áður (18,4%) og var fjöldi bleikja í afla 16.832 (54,8%).</p> <p>Skráðir hnúðlaxar voru 339 árið 2021, 323 veiddir á stöng og 16 í net. Aldrei hafa veiðst fleiri hnúðlaxar í ám hér á landi. Heyrst hefur um hnúðlaxa sem veiðst hafa úr fleiri ám þar sem ekki er regluleg skráning í veiðibækur.</p>		
Abstract <p><i>Reporting of all catch in freshwater fisheries is mandatory, by law, in Iceland. The catch is recorded in special logbooks in the fishing lodges. At the end of the fishing season the</i></p>		

logbooks from every river are gathered and statistical information are processed by the Marine and Freshwater Research Institute (MFRI). A summary report is sent back to the fisheries associations as well as new logbooks before the next fishing season. Online electronic catch recording in a central database is now available and can be accessed through the institute web page. A report with catch in rivers and lakes is published by the MFRI listing the total catch by rivers and lakes (www.hafogvatn.is). The total rod catch of Atlantic salmon in 2021 was 36.461 fish, where off 19.589 (53,7%) was released (catch and release).

The total number of brown trout/seatrout caught in rod fishery was 43.389 fish, 14.346 were released and the catch landed was 29.043 fish and 37.654 kg. The total number of Arctic charr/sea run Arctic charr in the rod fishery was 30.726 fish, 13.894 were released and the catch landed was 16.832 fish and 13.735 kg. In the fishing season, a total of 30.292 of wild salmon were caught in the angling fishery. The total catch was 12,5%% lower than average catch in from 1974 to 2020 (41.689 fish). The angling catch in rivers with Ocean ranching was 7.764 fish which is 21,3% of total angling catch in Iceland in 2021.

A total of 339 pink salmon was a record 323 in rod and 16 in gillnet Iceland in the 2021 fishing season the highest on record.

Lykilorð: lax, urriði, bleikja, veiðiskráning, stangveiði, netaveiði, smálax, stórlax, afli, veitt og sleppt

Undirskrift verkefnisstjóra:

Guðmundur Þórtard

Undirskrift forstöðumanns sviðs:

Guðni Guðbergsson

Efnisyfirlit	Bls.
Töfluskrá.....	ii
Myndaskrá.....	iii
Inngangur	1
Aðferðir	3
Niðurstöður	5
<i>Lax -og silungsveiði 2021</i>	5
Umræður.....	9
Þakkarorð	12
Heimildir.....	13
Töflur.....	14
Myndir.....	34

Töfluskra

Tafla 1. Fjöldi og þyngd (kg) laxa í stangveiði á Íslandi sumarið 2021, skipt eftir landshlutum og sjávaraldri.	14
Tafla 2. Fjöldi og þyngd (kg) laxa í netaveiði á Íslandi sumarið 2021, skipt eftir landshlutum og sjávaraldri	14
Tafla 3. Heildarafli og þyngd (kg) laxa í stangveiði og netaveiði á Íslandi 2021, skipt eftir landshlutum og sjávaraldri	15
Tafla 4. Fjöldi og þyngd (kg) veiddra urriða (sjóbirtinga) og bleikju (sjóbleikju), í stangveiði á Íslandi sumarið 2021, skipt eftir landshlutum.	15
Tafla 5. Heildarfjöldi stang- og netveiddra laxa 1974-2021 skipt í veiði, afla og fjölda slepptra fiska. Gerð er grein fyrir fjölda laxa veiddum í ám sem byggja veiði á sleppingum gönguseiða.	16
Tafla 6. Tíu hæstu laxveiðiárnar sumarið 2021, skipt eftir veiði og afla (afli er fjöldi landaðra laxa). .	17
Tafla 7. Tíu hæstu urriðaveiðisvæðin 2021.	17
Tafla 8. Tíu hæstu bleikjuveiðisvæðin 2021	18
Tafla 9. Fjöldi og þyngd stangveiddra laxa og silunga á Reykjanesi árið 2021 (Þyngd er í kg og MP=meðalþyngd).	19
Tafla 10. Fjöldi og þyngd stangveiddra laxa og silunga á Vesturlandi árið 2021 (Þyngd er í kg og MP=meðalþyngd).	20
Tafla 11. Fjöldi og þyngd stangveiddra laxa og silunga á Vestfjörðum árið 2021 (Þyngd er í kg og MP=meðalþyngd).	22
Tafla 12. Fjöldi og þyngd stangveiddra laxa og silunga á Norðurlandi vestra árið 2021 (Þyngd er í kg og MP=meðalþyngd).	23
Tafla 13. Fjöldi og þyngd stangveiddra laxa og silunga á Norðurlandi eystra árið 2021 (Þyngd er í kg og MP=meðalþyngd).	24
Tafla 14. Fjöldi og þyngd stangveiddra laxa og silunga á Austurlandi árið 2021 (Þyngd er í kg og MP=meðalþyngd).	25
Tafla 15. Fjöldi og þyngd stangveiddra laxa og silunga á Suðurlandi árið 2021 (Þyngd er í kg og MP=meðalþyngd).	26
Tafla 16. Fjöldi veiddra laxa í flestum ám á Íslandi á árunum 1984-2021 ásamt reiknaðri meðalveiði fyrir allt tímabilið.	28
Tafla 17. Fjöldi veiddra urriða í völdum ám á árunum 1987-2021, ásamt reiknaðri meðalveiði fyrir allt tímabilið. Ekki er greint á milli staðbundinna og sjógenginna fiska.....	30
Tafla 18. Fjöldi veiddra bleikja í völdum ám á árunum 1987-2021, ásamt reiknaðri meðalveiði fyrir allt tímabilið. Ekki er greint á milli staðbundinna og sjógenginna fiska.....	31
Tafla 19. Skráð netaveiði á Íslandi árið 2021. Gefinn er fjöldi og þyngd (kg).....	32
Tafla 20. Skráð veiði á hnúðlaxi á stöng og net á Íslandi 2021.....	33

Myndaskrá

1. mynd. Fjöldi stangveiddra laxa á Íslandi á árunum 1974-2021 skipt í afla og sleppt ásamt afla og sleppt úr sleppingum gönguseiða	34
2. mynd. Fjöldi netaveiddra laxa á Íslandi á árunum 1974-2021	34
3. mynd. Afla (landað) náttúrlegra laxa úr stangveiði og netaveiði á árunum 1974-2021	34
4. mynd. Fjöldi veiddra urriða í stangveiði á Íslandi á árunum 1987-2021, fjöldi í afla og sleppt	36
5. mynd. Fjöldi veiddra bleikja í stangveiði á Íslandi á árunum 1987-2021, fjöldi í afla og sleppt.....	36
6. mynd. Fjöldi veiddra smálaxa (eitt ár í sjó) og stórlaxa (tvö ár í sjó), fært til gönguseiðaárgangs í þeim ám þar sem veiðiskráning hefur verið samfelld frá árinu 1970-2021	37
7. mynd. Hlutfall laxa sleppt úr stangveiði 1996-2021 bæði í heild og laxa í ám sem hafa veiði úr villtum laxastofnum.....	37
8. mynd. Hlutfall laxa sleppt úr stangveiði skipt í smálax (eitt ár í sjó) og stórlax (tvö ár í sjó) bæði fyrir veiði í öllum ám og svo fyrir villtum lax sér	38
9. mynd. Hlutfall urriða og bleikju sem sleppt var úr stangveiði á árunum 1999-2021	38
10. mynd. Stangveiði á sjóbirtingi skipt eftir landshlutum.....	39
11. mynd. Stangveiði á sjóbirtingi skipt eftir landshlutum. Frávik frá meðaltali.....	39
12. mynd. Stangveiði á sjóbleikju skipt eftir landshlutum.....	40
13. mynd. Stangveiði á sjóbleikju skipt eftir landshlutum. Frávik frá meðaltali.....	40
14. mynd. Fjöldi hnúðlaxa sem skráðir voru á Íslandi árin 2003-2021	41
15. mynd. Staðsetning áa með skráða veidda hnúðlaxa á Íslandi.....	42

Inngangur

Á Íslandi finnast fimm tegundir ferskvatnsfiska þær eru lax (*Salmo salar*), bleikja (*Salvelinus alpinus*), urriði (*Salmo trutta*), áll (*Anguilla anguilla*) og hornsíli (*Gasterosteus aculeatus*). Hnúðlax (*Oncorhynchus gorbuscha*) var áberandi í veiði 2021 og nú hefur tilvist hans verið staðfest í fjölmörgum ám á Íslandi. Flundra (*Platichthys flesus*) er nýlegur landnemi sem orðin er algeng í neðri hlutum áa og í árósum í flestum landshlutum á Íslandi.

Villtir stofnar laxfiska auk annarra vatnafiska er auðlind sem ber skylda til að ganga vel um og sýna ýrustu varúð við nýtingu. Skulu ákvarðanir grundvallast á vísindalegri þekkingu á verndarstöðu og stofnstærð einstakra stofna (Lög um náttúruvernd nr. 60). Samkvæmt markmiðum laga um lax- og silungsveiði á veiðinýting náttúrlegra fiskstofna í fersku vatni að vera sjálfbær. Veiðiréttarhöfum og veiðifélögum ber að skrá upplýsingar um veiði og senda til Hafrannsóknastofnunar, sbr. 13. gr. laga nr. 61/2006. Veiðiréttarhafar bera einnig ábyrgð á veiðistjórnun innan ramma laga um lax- og silungsveiði og almennra náttúruverndarlaga.

Skráning veiði á laxfiskum er liður í að fylgjast með vexti og viðgangi fiskistofna og er skráningin hér á landi með því besta sem þekkt hjá þjóðum sem veiða laxfiska. Hafrannsóknastofnun hefur umsjón með samantekt veiðiskýrslna, skráningu í gagnagrunn og úrvinnslu gagna um lax- silungsveiði ár hvert.

Um nokkurra ára skeið hafa veiðifélög eða veiðiréttshafar haft möguleika á að skrá veiði rafrænt í Skrínuna, gagnagrunn Hafrannsóknastofnunar. Upplýsingar um skráningu í Skrínuna er að finna á heimasíðu Hafrannsóknastofnunar; www.hafogvatn.is. Gert er ráð fyrir að veiði verði að mestu eða öllu leyti skráð rafrænt á næstu árum og eru allir sem hafa með veiði að gera bent á að kynna sér þann kost. Einnig hafa aðilar verið að bjóða upp á rafræna skráningu á veiði m.a. með smáforriti Angling IQ en með því er hægt að færa upplýsingar um stangveiði beint í gagnagrunninn. Rafræn skráning eykur aðgengi að veiðitölum í rauntíma, auk þess sem það auðveldar og hraðar fyrir samantekt veiðitalna að veiðitíma loknum.

Í lögum um lax- og silungsveiði nr. 61/2006 segir að laxveiðar séu heimilar á tímabilinu frá 20. maí til 30. september ár hvert. Fiskistofu er heimilt, að fenginni umsögn Hafrannsóknastofnunar, að lengja veiðitíma til 31. október í þeim veiðivötnum/ám þar sem fyrst og fremst er veitt úr stofnum sem viðhaldið er með sleppingum gönguseiða til hafbeitar. Veiðar göngusilungs eru heimilar frá 1. apríl til 10. október ár hvert, en í veiðivatni/ám, þar sem stærstur hluti af veiðinni er villtur laxastofn miðast lok veiðitíma við 30. september. Veiðar á vatnasilungi eru heimilar allt árið nema að annað komi fram í veiðireglum veiðifélags eða veiðiréttarhafa.

Í nokkrum ám á Suðurlandi byggist veiðin að hluta á hafbeiti með sleppingum gönguseiða sem síðan eru endurheimt í stangveiði. Laxaseiðin hafa þá verið alin í eldisstöðvum í stað uppeldis seiða í ánum. Þessi starfsemi hefur verið mest í Rangánum en með fiskrækt sem þessari eykst framboð til stangveiði.

Hlutfall fiska sem er sleppt í stangveiði hefur aukist síðustu ár, en hafa ber í huga að það getur haft á áhrif á veiðitölur þar sem sömu fiskar geta veiðst oft en einu sinni og skal hafa í huga þegar veiðitölur eru notaðar fyrir mat á stofnstærð. Gögn um veiðar eru oft höfð sem viðmið þegar áætlað er ástand á fiskstofnum í ám og vötnum og einnig við mat á verðmæti veiða.

Stuðst er við veiðitölur við skiptingu arðs á milli veiðiréttarhafa innan veiðifélaga og því er þýðingarmikið að góð skráning sé á lax- og silungsveiði.

Skila skal veiðigögnum til Hafrannsóknastofnunar eftir hvert veiðitímabil til úrvinnslu um leið og veiðitíma lýkur til að flýta fyrir samantekt veiðitalna. Ef veiðibók er skilað skal merkja bók með heiti ár eða vatns og skrá inn í kápu bókar þær upplýsingar sem þar er beðið um. Einnig er mikilvægt að veiðiréttarhafar númeri alla veiðistaði og skrái í þar til gerðan dálk í veiðibók, en með því fæst skipting veiðinnar eftir veiðistöðum við úrvinnslu upplýsinga um veiði hvernar veiðiár og vatns. Slík skráning auðveldar að fylgjast með breytingum sem geta orðið á veiðidreifingu innan vatnakerfa sem þar af leiðandi auðveldar vinnu við endurmat á arðskrár veiðifélaga. Það er á ábyrgð forsvarsmanna veiðifélaga að skila bókum til Hafrannsóknastofnunar í lok veiðitímabils. Að úrvinnslu lokinni og fyrir komandi veiðitímabil er veiðibókum ásamt samantekt á veiðitölum skilað aftur til veiðifélaga eða skráningaraðila.

Í þessari skýrslu eru dregnar saman helstu upplýsingar um lax- og silungsveiði á árinu 2021. Skýrslan byggir á gögnum sem hefur verið skilað til Hafrannsóknastofnunar frá veiðiréttarhöfum, forsvarsmönnum veiðifélaga eða annarra sem sjá um skráningu á lax- og silungsveiði.

Heimilt er að nýta gögn úr þessari skýrslu um lax- og silungsveiði, enda sé getið heimilda. Í þessari skýrslu eru gögn birt með fyrirvara um breytingar/leiðréttingar í gagnagrunni og í síðari skýrslum.

Aðferðir

Hafrannsóknastofnun sendir út veiðibækur fyrir hvert veiðitímabil til veiðifélaga eða veiðiréttarhafa sem skrá veiðina í bækurnar og senda til Hafrannsóknastofnunar þegar veiðitímabili líkur. Við skil á bókum til Hafrannsóknastofnunar voru skráðar dagsetningar innkomu bóka og fjöldi bóka sem skilað var aftur. Eftir skráningu veiði í gagnagrunn voru þær endursendar til veiðifélaga eða handhafa veiðiréttar ásamt samantektarskýrslu (oftast rafrænt) fyrir viðkomandi veiðiá/vatn ásamt nýrri veiðibók til skráningar fyrir komandi veiðitímabil. Nokkrir aðilar skrá veiði rafrænt í gagnagrunninn Skrínuna hjá Hafrannsóknastofnun og svo eru aðrir sem hafa skráð með því að notað smáforrit (app), sem umsjónarmenn þess skila síðan í gagnagrunninn Skrínuna.

Úr veiðibókum voru skráðar upplýsingar um dagsetningu á veiði, fisktegund, kyn, þyngd, lengd, hvort fiski sé sleppt eða landað, tegund agns auk veiðistaðanúmers ef það hefur verið skráð í veiðibók. Í athugasemdir voru skráðar t.d. merkingar á fiskum og númer merkja. Veiði að frádregnum fjölda fiska sem sleppt var aftur, var skráð sem afli þ.e. fjöldi landaðra fiska úr viðkomandi veiðiá eða vatni.

Tekinn var saman heildarfjöldi veiddra laxfiska eftir tegundum, afli og fjöldi slepptra fiska, ásamt þyngd aflans. Þá var tekin saman meðalþyngd veiddra fiska. Laxveiðinni var skipt í smálaxa og stórlaxa en smálax er lax sem dvalið hefur eitt ár í sjó en stórlax tvö ár í sjó eða lengur. Skipting milli smálaxa og stórlaxa var gerð þannig að til stórlaxa töldust hængar 4,0 kg og þyngri og hrygnur 3,5 kg og þyngri. Skipting í smálax og stórlax getur verið breytileg milli ára og vatnakerfa en skipting þessi á við um flestar veiðiár og er hægt að staðfesta með aldursgreiningu. Þeir laxar sem eru lengdarmældir en ekki þyngdamældir er gefin reiknuð þyngd úr frá þekktu sambandi lengdar (cm) og þyngdar (kg) ($\text{þyngd} = 0,00002159 * \text{lengd}^{2,83307}$) (Guðni Guðbergsson 2013).

Tekið var fram í samantektartöflunum (töflur 9-15) fyrir hvern landshluta ef veiðiskýrslum var ekki skilað eða ef sérstakar ástæður voru fyrir því að veiði var ekki skráð t.d. ef ár voru friðaðar eða veiði ekki stunduð af öðrum ástæðum.

Í nokkrum ám voru laxar teknir í klak, þ.e. fiskar sem veiddir voru til söfnunar hroгна og svilja og voru ætlaðir til fiskræktar. Ekki liggja í öllum tilfellum fyrir nákvæmar upplýsingar um veiðitíma og veiðiaðferðir við öflun klaklaxa og voru veiðiréttarhafar hvattir til að bæta þá skráningu og færa nákvæmlega í veiðibækur. Allir fiskar sem teknir voru í klak eru skráðir sem sleppt í gagnagrunn.

Veiði á laxi fyrir valdar ár er tekin saman frá árinu 1985 – 2021, auk meðalveiði tímabilsins ásamt mestu og minnstu veiði. Samantekt sem nær lengra aftur í tímann eða frá 1974 er hægt að sjá í eldri skýrslum og má sjá árin 1974 – 1984 í fyrri skýrslum um lax- og silungsveiði (Guðmunda Þórðardóttir og Guðni Guðbergsson 2018; <https://www.hafogvatn.is/is/midlun/lax-og-silungsveidin-tolur>). Samskonar töflur eru teknar saman fyrir valdar ár yfir veiði urriða og bleikju árin 1987 – 2021. Til að gera samanburð fyrir þróun á veiði sjóbirtinga og sjóbleikja til lengri tíma voru teknar saman heildar tölur yfir veidda fiska í völdum ám sem hafa hvað áreiðanlegustu samfelldar skráningar.

Gögnum um netaveiði var safnað á líkan hátt og fyrir stangveiði en í netaveiði vantar oft upplýsingar um hvern fisk sem einstakling. Einstaklingsskráning fiska úr netaveiði hefur batnað með árunum en það gefur mikilvægar upplýsingar um samsetningu aflans. Upplýsingar úr gögnum sem bárust úr netaveiði voru teknar saman þ.e. heildarfjöldi og heildabyngd laxa og silunga í öllum landshlutum. Mikilvægt er að við skráningu á netaveiði komi fram fjöldi lagna, þ.e. hversu mörg net eru notuð og hversu marga sólarhringa (nætur) þau liggja.

Gögn um lax- og silungsveiði árið 2021 sem bárust Hafrannsóknastofnun hafa verið færðar í gagnagrunninn Skrínuna og eru samantekin í þessari skýrslu. Allar veiðitölur sem bárust eftir að þessi skýrsla fór í vinnslu eru ekki taldar með hér. Gögn sem bárust of seint eða eftir að úrvinnsla gagna fyrir þessa skýrslu hófst fara í gagnagrunn um leið og þau berast Hafrannsóknastofnun.

Niðurstöður

Lax -og silungsveiði 2021

Heildarfjöldi stangveiddra laxa árið 2021 var samkvæmt skráðum gögnum sem bárust til Hafrannsóknastofnunar 36.461 laxar (1.mynd), og 8.663 löxum (19,2%) minni veiði en árið 2020. Af einstökum landshlutum þá var aukning í veiði í ám á Reykjanesi (13,3%), Vesturlandi (7,4%) og Norðurlandi vestra (1,7%) frá árinu áður, en minni veiði var á Vestfjörðum, Norðurlandi eystra, Austfjörðum og Suðurlandi.

Af veiddum löxum í stangveiði þá var 19.589 (53,7%) sleppt og heildarfjöldi landaðra laxa (afli) var 16.872 (46,3%) (tafla 1). Af stangveiddum löxum voru 28.705 (78,7%) laxar með eins árs sjávardvöl (smálaxar) og 7.756 (21,3%) laxar með tveggja ára sjávardvöl eða lengri (stórlaxar). Alls var þyngd landaðra laxa (afli) í stangveiði 46.832 kg.

Á Suðurlandi voru veiddir alls 11.673 laxar, af þeim var 3.990 sleppt aftur og afli var 7.683 laxar sem vógu 22.823 kg. Á Vesturlandi voru veiddir 11.944 laxar. Af þeim var 6.071 sleppt og afli var 5.873 laxar sem vógu 14.672 kg. Á Norðurland vestra veiddust 5.575 laxar en 4.388 var sleppt og afli var 1.197 laxar sem vógu 3.502 kg. Á Austurlandi var veiðin 2.138 laxar og sleppt 1.881 og var fjöldi í afla 257 fiskar sem vógu 701 kg. Á Norðurlandi eystra veiddust 2.017 laxar og var 1.476 löxum sleppt og fjöldi fiska í afla var 541 laxar sem vógu 1.658 kg. Á Reykjanesi var veiðin 2.351 laxar og sleppt var 1.576, fjöldi fiska í afla var 775 og vógu 2.021 kg. Á Vestfjörðum veiddust 753 laxar og var 207 fiskum sleppt, fjöldi í afla var 546 laxar og þyngd afla var 1.454 kg (tafla 1).

Veiði í net var 4.574 laxar sumarið 2021 og var heildaraflinn 12.524 kg (tafla 2). Eins og undanfarin ár var netaveiði mest stunduð í stóru ánum á Suðurlandi, Ölfusá-Hvítá og Þjórsá en þar veiddust 4.344 laxar í net og var aflinn 12.001 kg. Lítið var um netaveiði í öðrum landshlutum en netaveiði er að mestu bundin við stóru jökulárnar.

Í stangveiði og netaveiði var heildarafli landaðra laxa samanlagt 41.035 laxar og vógu alls 59.356 kg, af þeim voru 19.164 smálaxar og 3.103 stórlaxar. Þyngd smálaxa var 46.567 kg og þyngd stórlaxa 12.788 kg (tafla 3). Í stangveiði og netaveiði var veiðin mest á Suðurlandi 16.017 laxar.

Alls voru skráðir 43.389 urriðar (tafla 4) í stangveiði sumarið 2021 en hlutfall urriða sem var sleppt var 33,1% sem er hér um bil sama tala og var sleppt árið 2020. Afli urriða var 29.043 fiskar (66,9%) sem vógu samtals 37.654 kg. Eins og undanfarin ár var mesta skráða veiði á urriða á Suðurlandi þar voru veiddir 23.320 urriðar. Á Norðurlandi vestra veiddust 8.749 urriðar. Á Norðurlandi eystra voru veiddir 7.403 urriðar, á Vesturlandi veiddust 2.571, Reykjanesi 1.015 urriðar, Austurlandi 281 urriðar en minnst af urriða veiddist á Vestfjörðum eða 50 urriðar (tafla 4). Árið 2021 veiddust 3.634 fleiri urriðar á stöng á landinu en árið á undan. Mest var aukningin á Reykjanesi 19,6% og Austurlandi 18,9%. Fleiri urriðar voru skráðir en árið áður í öllum landshlutum nema Vesturlandi og Vestfjörðum.

Alls voru skráðar 30.726 bleikjur (tafla 4) í stangveiði árið 2021. Hlutfall bleikju sem var sleppt var 45,2% sem var mun hærra hlutfall en árið áður (18,4%) og var fjöldi bleikja í afla 16.832 (54,8%). Af landshlutum var mesta skráða bleikjuveiði 18.195 á Suðurlandi, á Norðurlandi

vestra voru skráðar 6.352 bleikjur, Norðurlandi eystra 2.770 bleikjur, Vestfjörðum 1.416 bleikjur, Austurlandi 924 bleikjur, Vesturlandi 867 bleikjur en minnst veiddist á Reykjanesi eða 202 bleikjur (tafla 4). Í netaveiði voru flestar bleikjur skráðar á Suðurlandi og í Veiðivötnum eða 69,9% af allri veiði í net á landinu.

Sumarið 2021 voru skráðir laxar í stangveiði alls 28.697 laxar af villtum (náttúrulegum) uppruna skráðir í stangveiði (tafla 5, 1. mynd). Þar sem gönguseiðum var sleppt í ár veiddust 7.764 laxar sem er um 21,3% af heildar stangveiðinni. Frá árinu 1974 hefur veiðitala laxa fjórum sinnum farið yfir 70.000 laxa það eru árin 2008, 2009, 2010 og 2015 (tafla 5). Frá síðustu aldamótum fór veiði á slepptum gönguseiðum að hafa meiri áhrif á heildarveiðina (1. mynd). Hafa þer í huga að þetta er veiðin en ekki aflinn sem var landað og með aukningu í veiða/sleppa eru auknar líkur á að fiskar veiðst oftar en einu sinni.

Veiði í net hefur minnkað mikið frá því um miðjan níunda áratuginn og hefur verið undir meðaltali síðan þá að tveimur árum undanskildum, 2010 og 2013 (2. mynd) en veiðin á laxi í net árið 2021 var 1.151 (20,1%) löxum færri en árið 2020.

Alls voru 19.589 (53,7%) löxum sleppt aftur í stangveiði, þetta er veiði en ekki afli og hluti af þessari skráningu geta verið laxar sem hafa verið veiddir áður og sleppt (3. mynd). Verulega minni laxveiði var árið 2021 í þeim ám sem byggja veiði á sleppingu gönguseiða (hafbeit) eða alls 7.764 laxar miðað við árið 2020 en þá var veiðin 14.832 laxar þar sem gönguseiðum var sleppt.

Alls voru skráðir 43.389 urriðar (tafla 4, 4. mynd) í stangveiði en hlutfall urriða sem var sleppt var 33,1%. Mesta urriðaveiðin var á Suðurlandi 23.320 skráðir urriðar. Skráð urriðaveiði árið 2021 var betri en árið áður en hlutfall sem var sleppt var lægra en árið áður. Fjöldi urriða í afla voru 29.043 og var þyngdin 37.654 kg.

Alls voru skráðar 30.726 bleikjur á landinu og af þeim var 13.894 (45,2 %) sleppt aftur (tafla 4; 5. mynd). Fjöldi bleikja í afla var 16.832 sem vógu 13.735 kg. Það veiddust 326 fleiri bleikjur á stöng en árið 2021 (5. mynd). Hlutfall bleikju sem var sleppt hefur aldrei verið hærra en árið 2021 en árið áður var 18,4% sleppt.

Fimm hæstu laxveiðiárnar árið 2021 voru Ytri-Rangá og Vesturbakki Hólsár með 3.439 laxa, Eystri-Rangá með 3.274 laxa, Miðfjarðará með 1.781 laxa, Norðurá með 1.445 laxa og Þverá og Kjarrá með 1.367 (tafla 6). Tvær af þessum ám eru á Suðurlandi, tvær á Vesturlandi og ein á Norðurlandi.

Af urriðaveiðisvæðum landsins þar sem stangveiði var stunduð, veiddust eins og áður flestir urriðar í Veiðivötnum, alls 11.478 urriðar og er það meiri veiði en árið áður. Í Laxá í Þingeyjasýslu ofan Brúa veiddust 3.793 urriðar og í Fremri Laxá á Ásum veiddust 2.926, Arnarvatn stóra og Austurá með 1.955 og Vatnsdalsá með 1.936 urriða. Auk þessara fimm voru fjórar ár/vötn með yfir 1.000 skráða urriða (tafla 7), í öðrum ám og vötnum var skráð minni veiði.

Fimm hæstu bleikjuveiðisvæðin voru Veiðivötn með 8.552 bleikjur, Hlíðarvatn með 3.365 bleikjur, Hólaá/Laugarvatn með 1.752 bleikjur, vötn sunnan Tungnaár með samtals með 1.479

bleikjur, og Arnarvatn stóra og Austurá með 1.387 bleikjur. Tvær aðrar ár/vötn voru með yfir 1.000 skráðar bleikjur (tafla 8).

Fjöldi bæði smálaxa og stórlaxa hefur síðustu sex ár verið undir meðaltali áráanna 1970 - 2021 (6. mynd) en þegar horft er til hlutfalls stórlaxa þá hefur það verið að aukast undanfarin ár í kjölfar aukinna sleppinga á stórlaxi. Hlutfall laxa sem sleppt er í veiði hefur farið vaxandi frá því byrjað var að skrá þá veiðiaðferð að sleppa, en frá árinu 2014 hefur hlutfall sleppt verið yfir 40% af veiddum löxum (7. mynd). Hlutfall smálaxa sem sleppt var af náttúrulegum uppruna var alls 55,9% en 79,0% stórlaxa var sleppt aftur (8. mynd). Þegar hafbeitarveiði er tekin með var 47,2% af smálaxi sleppt eftir veiði og 77,7% af stórlaxi (8. mynd). Mikil aukning hefur verið á hlutfalli bleikju sleppt (9. mynd).

Á Reykjanesi veiddust í stangveiði 2.351 laxar, 1.5761 löxum var sleppt og afli var 775 laxar. Mesta veiði var í Laxá í Kjós og Bugðu 1.104 laxar, Elliðaám 618 laxar og Leirvogsa með 287 laxa (tafla 9).

Á Vesturlandi veiddust 11.944 laxar, 6.071 löxum var sleppt og afli var 5.873 laxar, mestur fjöldi veiddra laxa á Vesturlandi var í Norðurá 1.445, Þverá og Kjarrá 1.367 og Laxá í Dölum 1.035 laxar (tafla 10).

Á Vestfjörðum voru veiddir 753 laxar, sleppt var 207 löxum og afli var 546 laxar. Þrjár efstu veiðiárnar á Vestfjörðum voru Víðidalsá, Þverá, og Húsadalsá 184 laxa, Laugardalsá með 110 og Langadalsá 95 laxa (tafla 11). Mun minni veiði var í öðrum ám á Vestfjörðum.

Á Norðurlandi vestra veiddust 5.585 laxar, 4.388 var sleppt og fjöldi laxa í afla 1.197. Mestur fjöldi veiddra laxa á Norðurlandi vestra var í Miðfjarðará eða 1.781 laxar, Víðidalsá og Fitjaá með 737 laxa og Vatnsdalsá með 436 laxa (tafla 12).

Á Norðurlandi eystra veiddust 2.017 laxar, fjöldi slepptra var 1.476 laxar og afli 541 laxar. Mestur fjöldi veiddra laxa á Norðurlandi eystra var í Laxá í Aðaldal 401 lax, Skjálfafljóti A deild með 282 laxa, og Fnjóská með 224 laxa (tafla 13).

Á Austurlandi voru veiddir 2.138 laxar og fjöldi slepptra var 1.881 og aflinn var 257 laxar. Þrjár aflahæstu árnar á Austurlandi voru Selá í Vopnafirði með 764 laxa, Hofsá og Sunnudalsá með 600 laxa og Vatnasvæði Jökulsár á Dal með 535 laxa (tafla 14).

Á Suðurlandi veiddust 11.673 laxar, 3.999 löxum var sleppt og aflinn var 7.683 laxar. Mest var veiðin í Ytri Rangá og Hólsá Vesturbakki 3.439, Eystri Rangá 3.274 og Þjórsá 838 laxar (tafla 15).

Laxveiði í völdum ám árin 1985 til 2021 er tekin saman ásamt meðalveiði tímabilsins auk mestu og minnstu veiði (tafla 16). Veiði á urriða á árunum 1987-2021 er tekin saman (tafla 17) og fyrir bleikju yfir sama tímabil (tafla 18).

Á Suðurlandi voru alls 4.344 laxar veiddir í net. Mest var veitt í Þjórsá 2.847 laxar, í Hvítá 962 laxar og Ölfusá 490 laxar. Á Vesturlandi veiddust alls 187 laxar í net og var öll veiði í net á Vesturlandi skráð í Hvítá. Á Norðurlandi eystra veiddust 19 laxar í net í Skjálfafljóti og á Norðurlandi vestra 24 laxar. Enginn gögn bárust um skráðan lax í net á Vestfjörðum, Austurlandi og Reykjanesi (tafla 19).

Skráð heildar silungsveiði í net á landinu öllu var 5.002 urriðar og 25.059 bleikjur (tafla 19). Netaveiði er mest stunduð á Suðurlandi og er netaveiði á laxi nú aðeins bundin við veiði í ám og vötnum og er veiðin mesta í stóru jökulánum á Suðurlandi. Mesta skráða veiði á urriða var í Veiðivötnum alls 2.404 urriðar og bleikja 17.537. Nokkur vötn í Veiðivötnum voru friðuð fyrir netaveiði eins og áður. Netaveiði í sjó fyrir landi sveitarfélags Skagastrandar var fyrst skráð hjá Hafrannsóknastofnun árið 2021 en þar voru veiddir 7 urriðar og 48 bleikjur.

Þegar litið er á stangveiði á urriða í ám sem hafa reglulega og samfellda veiðiskráningu sést að fjöldi skráðra urriða er mestur á Suðurlandi en nokkrar breytingar eru í veiði á milli ára (10. mynd). Veiði í öðrum landshlutum er minni en hefur farið vaxandi á norðanverðu landinu. Þegar litið er til frávíks veiði frá meðaltali sést að aukningin hefur komið fram í öllum landshlutum á síðari árum að frátalinni mikilli minnkun á Austurlandi (11. mynd). Sjóbleikju hefur almennt fækkað mikið í öllum landshlutum og er sú fækkun áhyggjuefni (12. mynd). Sú minnkun er enn greinilegri þegar litið er til frávíks frá meðaltali (13. mynd).

Aldrei hafa veiðst fleiri hnúðlaxar í ám hér á landi en sumarið 2021 en þá voru skráðir samtals 339 hnúðlaxar í stang- og netaveiði. Flestir hnúðlaxar voru veiddir á Austurlandi (tafla 20). Í stangveiði voru skráðir 323 hnúðlaxar (14 mynd) og 16 skráðir í netaveiði. Vitað er um hnúðlaxa úr fleiri ám sem ekki voru skráðir í veiðibækur eða skilað gögnum um. Sögulega veiðast jafnan fleiri hnúðlaxar á oddatölu ári (14. mynd).

Umræður

Vorið 2021 var kalt, þurrt og sólríkt langt fram í júní. Í lok júní hlýnaði, sérstaklega á Austur- og Norðausturlandi og það fylgdu miklar leysingar með vatnavöxtum í ám og lækjum. Við tóku nánast samfelld hlýindi á Norður- og Austurlandi sem stóðu fram í byrjun september. Sumarmánuðirnir voru óvanalega sólríkir og þurrir á Norður- og Austurlandi. Á meðan var þungbúnara og frekar svalara Suðvestanlands, en þó þurrt. Það varð svo úrkomusamara þegar leið á árið. September og október voru blautir á Norður- og Austurlandi og september og nóvember voru úrkomusamir suðvestan- og vestanlands. Mikið rigningarveður gerði á norðaustanverðu landinu í byrjun október (Veðurstofa Íslands 2021).

Árið 2021 varð aukning í veiði í ám á Reykjanesi, Vesturland, Norðurland vestra frá árinu 2020, en minni veiði var á Vestfjörðum, Norðurlandi eystra, Austfjörðum og Suðurlandi. Síðustu sex ár hefur veiði villtra laxa verið undir langtímameðaltali frá árinu 1974. Hluti af skýringa á minni heildarlaxveiði árið 2021 miðað við árið 2020 er að mun minni veiði var í þeim ám sem byggja á sleppingu gönguseiða eins og er í Rangánum á Suðurlandi.

Þegar þróun á stangveiði er skoðuð þá er mikilvægt að taka tillit til þess að laxar úr gönguseiða sleppingum eru viðbót við náttúrulega framleiðslu áнна. Einnig þarf að hafa í huga að meira en helmingi stangveiddra laxa var sleppt aftur eftir veiði og geta því veiðst oftast en einu sinni. Fjöldi þeirra laxa sem ganga upp í árnar er háður fjölda seiða sem ganga úr ánum til sjávar og einnig hversu margir lifa sjávardvölinna af og skila sér aftur í árnar. Almenn hefur dánartala laxa í sjó í Norður Atlantshafi farið vaxandi en ástæður þess eru ekki þekktar en bent hefur verið á þætti eins og loftslagsbreytingar, meðaflaveiði, áhrif fiskeldis og breytingar á búsvæðum í fersku vatni (Guðni Guðbergsson o.fl. 2021).

Hnúðlaxar hafa lengi sést í íslenskum ám en fyrsti hnúðlaxinn sem vitað er um að hafi veiðst hér á landi var árið 1960 í Hítará á Mýrum en hnúðlaxa í Evrópu má rekja til tilrauna Rússa með hafbeit á hnúðlaxum í ám við Hvítahaf og á Kolaskaga (Þór Guðjónsson 1961). Hnúðlax setti svip sinn á veiðisumarið 2021 og hafa aldrei veiðst fleiri hnúðlaxar og veiddust þeir í öllum landshlutum en mest í ám á Austurlandi. Ástæða þess að mest veiðist á Austurlandi er líklega sú að það landsvæði liggur næst þeim ám í Rússlandi og Noregi þar sem viðkoma hnúðlaxa hefur verið hvað mest og þeir því villst af beitarsvæðum í hafi og numið land hér á landi. Flestir hnúðlaxanna voru veiddir neðarlega í ám, þó er vitað um dæmi þar sem þeir hafa verið ofarlega í vatnakerfum t.d. í Brúará um 35 km frá ósi Ölfusár. Staðfest er að hnúðlax hefur hrygnt á Íslandi en áður hafa fundist hrygnur sem voru ný hrygndar. Vorið 2022 fundust seiði hnúðlaxa í þrem ám á Suðvesturhluta landsins, þ.e. Botnsá í Hvalfirði, Langá á Mýrum og ármót Grímsár Hvítár í Borgarfirði. Ljóst er að hnúðlax er framandi og mögulega ágeng tegund í íslensku straumvatni. Óljóst er hvaða áhrif staðbundnir stofnar hnúðlaxa kom til með að hafa á lífríkið sem fyrir er og mun þurfa frekari rannsóknir til lengri tíma til að leiða slíkt í ljós (Sunna Björk Ragnarsdóttir og Sigmar Metúsalemsson 2020). Mikilvægt er að skrá hnúðlaxa eins og aðra veiði og fylgjast þannig með vexti stofnsins.

Nú á síðustu árum hefur fiskteljurum með myndavélum verið fjölgað í ám og er vöktun laxastofna með þessum teljurum mikilvægur þáttur í vöktun á mögulegum strokulöxum úr sjókvíaelði sem geta gengið upp í ár. Það á helst við um laxa úr síðbúnu stroki sem líkur eru til

að bera greinileg ytri útlits einkenni úr eldi eins og eydda ugga og breyttri fisklöggun. Greining laxa úr snemmbúnu stroki gæti verið erfiðara að sjá, því þá eru minni líkur á að þessi ytri einkenni séu til staðar á fiskum. Þar sem hægt er að fylgjast með göngunni um teljara frá degi til dags er möguleiki á að grípa fljótt til aðgerða ef mikið af eldislaxi með áberandi ytri einkenni gengur í ár. Tæknilega er hægt að stöðva þá fiska við teljara og fjarlægja eldislax en slíkur búnaður er hvergi til staðar enn sem komið er hér á landi (Fjóla Rut Svavarsdóttir o.fl. 2022). Með fiskteljurum er einnig hægt að fylgjast með stofnstærðum laxfiska, tíma- og samsetningu göngunnar og áhrif umhverfisaðstæðna á göngur.

Frá árinu 1996 hefur fjöldi fiska sem sleppt er úr stangveiði (veitt og sleppt) stöðugt aukist. Í sumum ám hefur veiðimönnum verið gert skylt að sleppa öllum stórlöxum, þ.e. löxum sem mælast 70 cm og lengri og á nokkrum stöðum hefur einnig verið skylda að sleppa öllum veiddum löxum. Þegar fiski er sleppt er nauðsynlegt að fara varlega við alla meðhöndlun, því laxinn eins og allur fiskur er viðkvæmur fyrir hnjaski.

Árið 2021 var heildartala á stangveiði á urriða og bleikju lægri en árið áður. Skýring á lækkandi veiðitölum milli ára fyrir urriða og bleikju er ekki vitað en þekkt er að umhverfispættir hafi áhrif á stofnstærðir og svo skráning veiðimanna í veiðibækur. Ástæða er til að ítreka að nauðsynlegt er að bæta skráningu á silungsveiði almennt í ám og vötnum. Enn vantar mikið uppá að öll silungsveiði sé skráð líkt og laxveiði. Nokkur félög stangveiðimanna hafa bætt skráningu á silungsveiði sem skilað hefur betri upplýsingum um silungastofna viðkomandi veiðisvæða. Borið hefur á því að aðilar sem tölvuskra veiðina, skrái aðeins lax en ekki urriða og bleikju, en mikilvægt er að silungsveiði sé vel skráð eins og laxveiðin svo hægt sé að fylgjast með silungastofninum.

Þau vatnakerfi sem hafa reglulega skráningu á sjóbirtingi og sjóbleikju sýna að almennt hefur sjóbirtingsveiði aukist samfara stækkandi stofnum á meðan sjóbleikjuveiði hefur minnkað í öllum landshlutum. Ekki er vitað hvað veldur þessum breytingum en mögulega er um áhrif umhverfisbreytinga að ræða, t.d. loftslagsbreytingar (Guðni Guðbergsson o.fl. 2021). Sambærilegar breytingar í stofnstærðum sjóbleikju og sjóbirtings hafa komið fram í Norður-Noregi sem styrkir þá ályktun að um sameiginlega þætti sé að ræða sem tengist loftslagsbreytingum (Svenning o.fl. 2020). Mikilvægt er að rannsaka frekar þessa þætti til að skilja tengsl umhverfisáhrifa og breytinga í stofnstærðum. Þegar stofnar sjóbleikju verða litlir minnkar veiðipól þeirra og eru veiðiréttarhafar hvattir til að gæta að veiðipóli sjóbleikjustofna og gera ráðstafanir til að draga úr sókn í tíma til verndar. Sagan sýnir að oft hefur gengið illa að byggja upp stofna sem hafa minnkað mikið og betra að setja takmarkanir í tíma og áður en skaðinn er skeður.

Frá árinu 2019 hefur verið mikil aukning í framleiðslu í eldisfiski einkum í sjókvíum á Vestfjörðum og Austfjörðum (Matvælastofnun 2022). Með auknu fiskeldi í sjó hér við land aukast líkur á að laxfiskar sleppi úr eldi og gangi í ár. Laxinn sem er notaður í fiskeldi hér á landi er af norskum uppruna, fjarskyldur íslenskum laxstofnum og því er blöndum þeirra við íslenska laxastofna talin geta haft slæm áhrif. Almennt eru stofnar laxa aðlagaðir að hverri á og stofnar laxa í nærliggjandi ám skyldari en við stofna sem eru fjær (Leó Alexander Guðmundsson o.fl. 2018). Mikilvægt er að veiðimenn séu vakandi fyrir mögulegum eldiseinkennum á veiddum

löxum. Mikilvægt er að fiskum með eldiseinkenni sé landað svo greina megi þá frekar og taka sýni til greininga. Oft sér á uggum, sporði og hreistri eldisfiska og þá má rannsaka frekar með greiningu á vaxtamynstri í hreistri og/eða með greiningu erfðaefnis.

Hér má sjá helstu greiningar einkenni: https://www.hafogvatn.is/static/files/myndir/villtur-lax-eda-eldislax_poster_2017_eydis_lag.pdf. Gera þarf Hafrannsóknastofnun viðvart ef fiskar með einkenni eldisfiska veiðast í ám. Sama á við ef regnbogasilungur veiðist sem einnig er alinn í sjókvíum hér við land.

Sumarið 2021 bárust Hafrannsóknastofnun upplýsingar um sex meinta eldislaxa sem höfðu veiðst, en af þeim höfðu tveir þeirra veiðist í stangveiði í ám, annar í Skálm í Vestur-Skaftafellssýslu og hinn í Hafralónsá í Þistilfirði. Við greiningum kom í ljós að laxinn úr Hafralónsá var ef eldisuppruna enn hinn var villtur íslenskur lax (Fjóla Rut Svavarsdóttir o.fl. 2022). Umtalsverð vöktun og rannsóknir eru gerðar vegna áhættumats erfðablöndunar sem er gert til að þekkja og lágmarka áhrif eldislaxa á villta laxastofna hér á landi.

Aukin þekking á fiskstofni styrkir góða stjórnun nýtingar og er skráning á lax- og silungsveiði því mikilvæg forsenda þess að hægt sé að gera grein fyrir stöðu stofna laxfiska á hverjum tíma sem aftur má nota til skynsamlegrar nýtingar og verndar þessara mikilvægu auðlinda til framtíðar.

Þakkarorð

